



Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

29. apríl 2016
Tilvísun: 2016040055

Efni: Hagsmunaskráning stjórnenda og starfsmanna fjármálafyrirtækja

Í ljósi umræðna síðustu daga um aflandsfélög og skattaskjól hvetur Fjármálaeftirlitið fjármálafyrirtæki til að yfirfara hagsmunaskráningu stjórnenda og starfsmanna sinna með eftirfarandi lagaákvæði í huga.

Samkvæmt 56. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er framkvæmdastjóra óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema stjórn fyrirtækis hafi veitt heimild til slíks á grundvelli reglna fjármálafyrirtækisins. Að mati Fjármálaeftirlitsins þurfa framangreindar reglur að liggja fyrir og atvinnurekstur að vera í samræmi við þær svo framkvæmdastjóra sé heimilt að taka þátt í atvinnurekstri. Í ákvæðinu er sérstaklega tiltekið að eignarhlutur í fyrirtæki teljist þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess.

Um heimildir annarra starfsmanna en framkvæmdastjóra til þátttöku í atvinnurekstri fer samkvæmt reglum settum samkvæmt ákvæðum 54. gr. laga nr. 161/2002.

Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, skulu fjármálafyrirtæki koma á og viðhalda viðunandi fyrirkomulagi, sem miðar að því að koma í veg fyrir tiltekna háttsemi stjórnarmanna og starfsmanna þess, sem koma að starfsemi sem valdið gæti hagsmunaárekstrum eða hafa aðgang að innherjaupplýsingum eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast viðskiptavinum eða viðskiptum við eða fyrir viðskiptavini.

Samkvæmt 10. gr. reglugerðarinnar skal fyrirkomulagið fela í sér að stjórnarmönnum og starfsmönnum fjármálafyrirtækis, sem undir fyrirkomulagið heyra, er skylt að tilkynna fjármálafyrirtækinu tafarlaust um öll eigin viðskipti sem stjórnarmenn og starfsmenn stofna til og bera fjármálafyrirtækinu að halda skrá um eigin viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna þess. Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. nefndrar reglugerðar nr. 995/2007 teljast til eigin viðskipta viðskipti sem eru framkvæmd af eða fyrir hönd stjórnarmanna eða starfsmanna fjármálafyrirtækis þegar a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- viðskiptin eiga sér stað utan verksviðs hlutaðeigandi stjórnarmanns eða starfsmanns fjármálafyrirtækis,
- viðskiptin eru innt af hendi fyrir reikning einhvers af eftirfarandi aðilum:
 - stjórnarmanns eða starfsmanns fjármálafyrirtækis



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- aðila sem tengdur er stjórnarmanni eða starfsmanni fjármálafyrirtækis fjölskylduböndum eða aðila sem tengist náð stjórnarmanni eða starfsmanni fjármálafyrirtækis
- aðila sem er í slíkum tengslum við stjórnarmann eða starfsmann fjármálafyrirtækis að sá síðarnefndi hefur beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta af niðurstöðu viðskiptanna

Fyrrgreind tilkynningarskylda er þó ekki talin gilda um eigin viðskipti stjórnarmanna eða starfsmanna sem framkvæmd eru í eignastýringu þar sem engin samskipti fara fram í tengslum við viðskiptin milli eignasafnsstjórans og hlutaðeigandi einstaklings eða viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum sem uppfylla skilyrði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs.

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að fjármálafyrirtæki gæti að orðsporsáhættu sinni, þá sérstaklega lánastofnanir sem einingar tengdar almannahagsmunum. Viðskiptavinir, hluthafar, stofnfjáreigendur og almenningur eiga að geta treyst því að hagsmunaskráning stjórnenda og starfsmanna sé í samræmi við lög og reglur sem þar um gilda. Komi í ljós við yfirferð að annmarkar hafi verið á hagsmunaskráningu fjármálafyrirtækis óskar Fjármálaeftirlitið eftir því að vera upplýst um slíkt án tafar.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Gunnar Þór Ásgeirsson
Gunnar Þór Ásgeirsson